

**Name of the University: Turku University**  
**Names of the students: Magnea Lillý Friðgeirsdóttir**  
**Exchange semester: Fall 2010 and Spring, 2011**

## **I GENERAL INFORMATION ABOUT THE SCHOOL**

1. Describe the school and its surroundings – very short. Skólinn er staðsettur nálægt miðbæ Turku. Flestar deildir skólans eru staðsettar í sér byggingum þar sem allar kennslustundir þeirrar deildar fara fram og viðkomandi kennarar hafa aðsetur. Allar byggingarnar eru þó staðsettar í hnapp á sama svæðinu.
2. Current faculty divisions and special areas. Skólinn býður upp á mjög fjölbreytt úrval náms að undanskildu verknámi. Kennarar eru almennt með mikla menntun að baki sér. Skólinn sameinaðist á síðasta ári Turku School of Economics sem var áður sjálfstæður háskóli sem kennir viðskipta- og markaðstengdar brautir. Sérhæft námsúrval skólans hefur því aukist enn frekar.
3. Number of students - graduate and undergraduate – number of exchange students. Kringum 21.000 nemendur auk ríflega 1.000 alþjóðlegra nemenda.
4. Study structure.

## **II PRACTICAL INFORMATION**

### Information before you left

- When did you receive the information package from the University? Um það bil þremur mánuðum áður en ég fór út til Finnlands.
- Any difficulties? Lagadeildin var í mestum samskiptum við mig og sá um að skrá mig í fög. Hins vegar gleymdist að láta alþjóðaskrifstofuna vita að ég væri að koma og því voru ekki til nein gögn um mig fyrst þegar ég kom. Þetta olli því að ég varð að bíða mun lengur en aðrir eftir að geta fengið stúdentaskírteini en í Turku er stúdentakort nauðsynlegt til þess að geta fengið strætókort með nemendaafslætti, nemendaafslátt á mat í mötuneytinu og ýmislegt fleira. Ég var hins vegar sú eina sem lenti í þessu svo að öllu jöfnu má búast við því að engin svona vandamál komi upp.

### Visa Procedure and travel experiences

- What problems, if any did you encounter?
- Does the visa cost anything? Það þarf ekki Visa til að fara eða dvelja í Finnlandi.
- How did you order your ticket – any problems? Ég pantaði miðann á icelandair.is.

### Academic Calendar

- Arrival date – introductory week. 22.-23.8.2011 er official arrival date. Það er boðið upp á orientation course dagana 31.8.-2.9.2011.
- First day of the semester? 1. September fyrir haustönn en 1. Janúar fyrir vorönn.
- Last day of classes? Mismunandi eftir áföngum og deildum en hættir venjulegum í kringum 20. des á haustönn og 20. maí á vorönn. Getur þó varað lengur.
- Examination period? Námið er öðruvísi sett upp í Finnlandi heldur en hér heima. Áfangar eru mislangir, allt frá nokkrum dögum uppí þrjá mánuði og það er engin regla á því hvenær þeir byrja eða enda yfir önnina. Þegar áfanga lýkur ef hann er prófáfangi þá er iðulega u.þ.b. 2 vikna upplestrarfrí og svo boðið upp á fyrsta prófamöguleika. Í heild er hins vegar boðið upp á fjóra möguleika sem eru allir tilkynntir fyrirfram og eru með sirka mánaðar millibili. Nemandi getur valið hvern möguleika sem hann vill nota og eða notað fleiri en einn möguleika sem endurtektarpróf.
- Any special events? 1. maí er stór dagur í Finnlandi. Þá flykkist fólk út á götur, nemendur setja upp hvítar stúdentshúfur og haldnar eru risvaxnar lautarferðir.

### Reception

- How was the reception at the school? Mjög góð. Það er mjög mikil upplýsingagjöf. Skiptinemar fá bækling með upplýsingum um allt frá samgöngukerfinu til nemenda heilsugæslan. Einnig er skiptinimum úthlutaður buddy líkt og hér heima sem aðstoðar nemendur við fyrstu skrefin.

- Was the administration and faculty well prepared for your arrival? Já. Árlega kemur mikill fjöldi skiptinema til Turku og því eru allir verkferlar um meðhöndlun þeirra mjög góðir.
- Did the school's students participate in the reception of the exchange students? Nei. Í Turku eru mjög sterk og virk skiptinemasamtök á vegum Erasmus sem eru skipuð af finnskum sjálfboðaliðum sem einnig eru nemendur í háskólanum. Þessi samtök skipuleggja fjöldann allan af ferðum, kynningum, partyjum og veislum sem bæði hjálpar skiptinimum að kynna hver öðrum og að kynna menningu Finnlands. Venjulegir finnskir nemendur í heild taka þó iðulega ekki þátt í uppákomum þessara skiptinemasamtaka.

#### Housing

- Did you have housing at your disposal or did you have to find your own housing? Mér var úthlutað húsnæði á vegum húsnæðisskrifstofu háskólanna. Ég þurfti þó að fara í gegnum umsóknarferlið líkt og venjulegir nemendur.
- What support did you receive from the school in locating housing? Háskólinn er ekki tengdur húsnæðisskrifstofunni en húsnæðisskrifstofan tekur sérstakt tillit til skiptinema og það eru frátekin sérstök hús fyrir þá. Þessi hús eru líka með húsgögnum til að mæta þörfum skiptinema.
- Any special issues or good ideas for prospective students? Vertu undirbúinn fyrir náð sambýli við aðra skiptinema. Það er hægt að fá annaðhvort húsnæði þar sem þú deilir íbúð með 1-2 öðrum og því sameiginlegt eldhús og klósett eða þar sem þú ert með sérherbergi með klósetti en sameiginlegt eldhús frammi á gangi með 12 öðrum skiptinimum.

#### Costs

- Describe the most important expenses such as rent, books, food, etc. Í Finnlandi kaupa nemendur ekki námsbækur heldur leigja á bókasöfnum og ljósrita. Það er því ekki hár bókakostnaður. Hins vegar vegna gengisbreytinga á krónunni er matarkostnaður svipaður og á Íslandi, mögulega aðeins lægri samt. Leiga er ekki mjög há, að jafnaði undir 50.000 kr.

#### The International Office

- Is there an international office? Já.
- Who is responsible for incoming exchange students? Alþjóðaskrifstofan er í miklum samskiptum við skiptinema en það er oft líka tengiliður innan þeirrar deildar sem skiptineminna fer í sem sér um skráningu í áfanga og ýmsar upplýsingar varðandi námið sem alþjóðaskrifstofan getur ekki veitt.
- How does the international office function? Það eru opnir viðtalstímar á alþjóðaskrifstofunni alla mánudaga til fimmtudaga frá 10.00-13.00.
- Do you receive all relevant information? Já.

#### Exchange promotion

- What kind of activity did you take part in to promote exchange to Iceland at your exchange university? Fyrirnefnd Erasmus skiptinemasamtök sáu um að skipuleggja svokallaðan markaðsdag þar sem hálfgerður basar var í gangi í einni skólabyggingunni. Þar voru skiptinemar hvattir til að útbúa borð til að kynna heimaland sitt og skiptinám til þess.

#### Social Activities

- How is your relationship with other students? Ég eignaðist nokkra finnska vini í gegnum áfanga sem við tókum saman.
- How is the relationship among the exchange students? Mjög gott.
- Is there a student organization, and if so, are the exchange students part of it? Hver deild háskólans er með eigin stúdentasamtök sem sjá um félagslíf, réttindamál og ýmislegt annað innan deildarinnar. Skiptinimum er velkomið að vera partur af viðburðum deildanna en eina vandamálið er að viðburðir eru einungis auglýstir á finnsku þannig að það getur verið erfitt að fréttast af viðburðunum.
- Are there any special activities and gatherings for exchange students? Mjög mikið. Erasmus samtökin eru gríðarlega virk og iðulega er a.m.k. einn atburður í hverri viku og skipulagðar u.þ.b. 6-7 ferðir yfir önnina, innanlands og utan.
- How do you like it at the school? Mjög vel. Námið er mjög gott og aðstaðan til fyrirmyndar.

### Culture and Language

- Do you have any language problems with the faculty or other students? Nei þó að finnskan sjálf sé algjörlega óskiljanleg þá eru Finnar almennt mjög góðir í ensku.
- How are the possibilities to experience the country and the culture? Það er mjög góðir möguleikar á að upplifa finnska menningu. Erasmus skipuleggur m.a. hálfgerðan matarklúbb. Þá er skiptinema úthlutað finnsk fjölskylda sem hann hittir einu sinni í viku í kvöldmat heima hjá fjölskyldunni.

### Cultural and Social Effects from the Exchange Experience

- How do you think the exchange experience will affect you from a cultural and social point of view? Skiptinámið hefur haft mjög mikil áhrif á mig sérstaklega andlega. Ég hef víkkað sjóndeildarhringinn mikið á dvöl minni í Finnlandi, ekki síður eftir að hafa hitt skiptinema frá svona mörgum mismunandi löndum. Þetta er búið að vera mjög þroskandi upplifun þar sem ég hef komist að raun um hversu mikill fjölbreytileiki er á milli landa, jafnvel nágrannalanda eins og Íslands og Finnlands.
- How do you think the exchange experience influences your future career possibilities? Já ég tel að það að hafa dvalið erlendis og hlotið fjölbreyttari menntun heldur en er almennt á boðstólum hér á Íslandi sé mikill kostur. Einnig hef ég hlotið mikla þjálfun í ensku bæði í daglegu tali og í fræðilegum skrifum.

## **III ACADEMIC INFORMATION**

### The Teaching situation

- In which language are the courses taught? Any problems? Ensku.
- How would you evaluate the level of study in relationship to the level at RU? Sambærilegt. Aðferðirnar eru þó aðeins öðruvísi. Meiri gagnvirkar umræður og minni bekkir heldur en í HR.
- Is the teaching primarily practical or theoretical? Practical
- Are the professors using cases, group work or lectures (or a mix)? Aðallega blöndu af hópavinnu og fyrirlestrum en það er þó mismunandi eftir kennurum.
- How is the workload compared to that at RU? Það er erfitt að bera það saman vegna þess hve skipulag áfanganna er öðruvísi. Stundum er maður í 5 áföngum á sama tíma og þá er hrikalega mikið að gera. En síðan getur maður lent í því að vera bara í einum eða engum áföngum stundum.
- How is the relationship between faculty and students? Mun nánara heldur en í HR. Bekkir eru litlir og kennararnir eru fljótir til að svara fyrirspurnum og viljugir til að aðstoða við alls konar atriði.
- What is the relationship between the students in the classroom? Einnig talsvert náið þar sem bekkir samanstanda stundum af einungis 7 nemendum t.d. Kennarar krefjast þess að nemendur séu virkir í að taka þátt í umræðum og vinni mikið saman sín á milli.

### Required Literature

- Is the literature in English? Já.
- How do you estimate the level of the literature? Very Advanced.
- Is the literature used for detailed knowledge or a broad overview? Það fer eftir markmiðum hvers áfanga en iðulega frekar detailed knowledge.
- Is exam based on the literature or on the lectures? Bæði.

### Exams

- What types of exams were you given? Skrifleg próf, iðulega ritgerðaspurningar. Prófatíminn er 5 klst.
- What knowledge level was required to pass the exams? Einkunnagjöf í Finnlandi er 1-5, 1 er náið en 5 er hæsta einkunn. Ekki er gefin einkunn ef þú fellur.

### Other

- Do students have easy access to the library and it's resources? Já mjög.
- How is the access to the computers? Það eru tölvur í flestum ef ekki öllum byggingum sem eru notaðar í upplýsingaleit eða annað skólatengt. Einnig eru sérstök tölvuherbergi

sem hægt er að fá aðgang að gegn lágu gjaldi þar sem hægt er að vinna verkefni og annað slíkt.

- How is IT used in the teaching or as a distributor of information? Kennarar notast við innranet sem kallast Moodle þar sem dreift er upplýsingum um tíma, glærur og verkefnum er skilað.

### Description of Courses

Please list all the courses you are taking in the form below:

- Name and code of the course
- Prerequisites, if any
- Exam form
- Comments: Relevance, Difficult/easy, Practical/theoretical, Enrolment problems

*Example:*

| <u>Course name:</u>                                      | <u>Prereq.</u> | <u>Exam</u> | <u>Major at RU</u> | <u>Approved as</u><br>(Common/elective/extra) |
|--|----------------|-------------|--------------------|---|
| 1234 finance   | None           | Written     | Finance            | Elective                                      |
| Free use of copyrighted works                            | None           | Written     | Law                | Common  |
| Managing International Innovation Development            | None           | Written     | Law                | Common  |
| Introduction to Intern. And Europ. Intellectual Property | None           | Written     | Law                | Common  |
| Research and writing on international IP                 | None           | Written     | Law                | Common  |
| Advanced Intellectual Property and information law A     | None           | Written     | Law                | Common  |
| Economic Analysis of Intellectual Property               | None           | Written     | Law                | Common  |
| Advance Intellectual Property and information law B      | None           | Written     | Law                | Common  |
| Information Law in Europe and Beyond                     | None           | Written     | Law                | Common  |
| Comparative European Constitutionalism                   | None           | Written     | Law                | Common  |
| United states intellectual property law                  | None           | Written     | Law                | Common  |

---

Please fill in all the courses you have taken

Any other experiences:

Names and e-mails:

The International Office will appreciate if you will inform about your e-mail addresses, so that other students can contact you for more information.

Magnea07@ru.is